

**PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM
I.-HLUTI**

**Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%)
Ágrip úr réttarfari (25%)**

Andri Árnason og Stefán A. Svensson

Mánudagur 6. nóvember 2006 16:00 - 20:00

Prófið er 5 blaðsíður með forsíðu

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir

Svarist eingöngu í próförk sem er merkt prófnúmeri

Prófnúmer _____

Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar

(50%)

1. Fullyrðingar (40,0%)

Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga.

Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hvernar fullyrðingar er jafnt (2,0%).
- ii. Að dregið er frá 0,5% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- iv. Lesið fullyrðingarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1) Hugtakið réttarheimild vísar til viðmiða sem notuð eru sem grundvöllur undir réttarreglu.

- Rétt
 Rangt

2) Þegar byggt er á lögjöfnun sem réttarheimild ná almenn lög ekki efnislega til þess tilviks sem til úrlausnar er.

- Rétt
 Rangt

3) Þegar byggt er á meginreglum laga sem réttarheimild er í engu hægt að styðjast við gildandi rétt.

- Rétt
 Rangt

4) Dómur, sem talinn verður fela í sér fordæmi, getur byggt á réttarheimildinni venju.

- Rétt
 Rangt

5) Á regluna um lex specialis getur reynt þegar „árekstur“ verður milli almennra laga og stjórnvaldsfyrirmæla (ná bæði efnislega til sama tilviks en leiða til mismunandi niðurstöðu).

- Rétt
 Rangt

6) Samkvæmt settum lögum geta dómstólar felld lög úr gildi.

- Rétt
 Rangt

7) Óheimilt er að kveða á um atriði í stjórnvaldsfyrirmælum (reglugerð) sem eingöngu má skerða með almennum lögum samkvæmt stjórnarskrá, nema því aðeins að löggjafinn hafi í almennum lögum, sem stjórnvaldsfyrirmælin eru sett með stoð í, sett fram meginreglur um takmörk og umfang réttindaskerðingarinnar.

- Rétt
 Rangt

8) Lögskýringarsjónarmiðið að skýra lög í samræmi við vilja löggjafans fellur frekar að hlutrænum lögskýringarkenningum heldur en huglægum.

- Rétt
- Rangt

9) Ef almenn málvenja og lagamálvenja fara ekki saman við lögskýringu ber að leggja hina síðarnefndu til grundvallar.

- Rétt
- Rangt

10) Stjórnvaldsfyrirmæli verða að meginreglu talin geta þokað almennum lögum til hliðar ef slíkt verður talið leiða til „eðlilegrar og sanngjarnrar“ niðurstöðu.

- Rétt
- Rangt

11) Störf Alþingis (löggjafans) teljast til opinberrar stjórnsýslu.

- Rétt
- Rangt

12) Reglur Evrópubandalagsins (EB-réttur) geta í ákveðnum tilvikum verið gild réttarheimild í aðildarríkjum EB, án tillits til þess hvort þeim hefur verið veitt sérstakt lagagildi eða ekki í viðkomandi aðildarríkjum.

- Rétt
- Rangt

13) Lögskýringarsjónarmiðið að skýra lög samkvæmt orðanna hljóðan getur leitt til svokallaðrar *rýmkaði lögskýringar*.

- Rétt
- Rangt

14) Lagatexti, einn og sér, getur dugað til þess að leiða í ljós merkingu hans.

- Rétt
- Rangt

15) Ekki þarf að veita reglum EES-samningsins lagagildi hér á landi (stöðu settra laga) til þess að þær teljist fullgild réttarheimild fyrir innlendum dómstólum og stjórnvöldum.

- Rétt
- Rangt

16) Þegar byggt er á eðli máls sem réttarheimild getur dómari almennt ekki stuðst við neinar réttþærri réttarheimildir.

- Rétt
- Rangt

17) Á lögskýringar reynir fyrst og fremst við beitingu réttarheimildarinnar settur réttur.

- Rétt
- Rangt

18) Réttarheimildaleg staða EB-réttar/EES-réttar hér á landi væri sú sama án tillits til þess hvort Ísland væri aðili að ESB/EB eða ekki.

- Rétt
- Rangt

19) Almenn lög verða alltaf talin réttlægri réttarheimild en grundvallarlög (stjórnarskrá) ef til áreksra kemur.

- Rétt
- Rangt

20) Réttarheimildaleg staða stjórnvaldsfyrirmæla er almennt sú sama án tillits til þess hvaða heiti þau bera.

- Rétt
- Rangt

2. Ritgerð (10,0%)

Með lögskýringarsjónarmiðum er átt við öll þau sjónarmið sem líta verður til þegar reynt er að leggja heildstætt mat á merkingu tiltekins lagaákvæðis.

Nefndu dæmi um a.m.k. þrjú lögskýringarsjónarmið.

Nefnið dóm/dóma til skýringar.

Ágrip úr réttarfari (25%)

1. Ritgerð (15%)

Útskýrðu í stuttu máli hugsanleg réttarfarsúrræði sem kröfuhafi getur gripið til ef skuldari neitar eða getur ekki greitt honum tiltekna peningafjárhæð.

2. Ritgerð (10%)

Útskýrðu í stuttu máli eftirfarandi hugtök tengd sönnun í meðferð einkamála:

- a. Sönnunarmat
- b. Sönnunarbyrði
- c. Sönnunargögn